



Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
101 Reykjavík

HÖRGÁRBYGGÐ

Pelamerkurskóla, 12. maí 2010

Hörgárbyggð hefur fengið til umsagnar tillögu til þingályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, 582. mál. Umsögnin er svohljóðandi:

#### **Bættar sjóvarnir á Hjalteyri**

Lýst er ánægju með að í tillögunni er gert ráð fyrir framlagi til gerðar sjóvarnargarðs á Hjalteyri, sem virðast eiga að duga fyrir kostnaði við verkefnið, en telja verður hæpið að það dugi.

#### **Hörgárdalsvegur, 2. áfangi**

Langþráðar endurbætur á veginum hófust sumarið 2008, þegar lokið var 1. áfanga þeirra. Eftir stendur að hættulegasti kafli vegarins, um brýrnar á Ytri- og Syðri-Tunguá, er enn sá sami. Auk þess liggur hann enn við húsvegg á tveimur bæjum. Leggja verður höfuðáherslu á að ljúka gerð þessa vegar hið allra fyrsta, þ.e. 2. áfanga verksins. Viðhaldi á hinum hættulega kafla hefur ekkert verið um skeið, sem gerir hann enn hættulegri en ella. Verkið er tilbúið til útboðs.

*Sveitarstjórn Hörgárbyggðar skorar á samgöngunefndina að gera þar breytingar á þingsályktaunatillögunni sem duga til þess að 2. áfanga Hörgárdalsvegar (vegurinn milli Hólkots og Skriðu) verði að fullu lokið á árinu 2010.*

Mótmælt er því að tillagan gerir ráð fyrir mörg önnur brýn verkefni í vegamálum í sveitarfélaginu frestist enn, þrátt fyrir margítrekaðar óskir að veitt verði fjármagni til þeirra. Þær óskir eru hér með enn ítrekaðar. Þau verkefni sem hér um ræðir eru:

#### **Hringvegurinn um Kræklingahlíð**

Umferð á Hringveginum í Kræklingahlíð norður frá Akureyri er mjög mikil. Á sumrin er þar um að ræða nærri 4.000 bílar á sólarhring að meðaltali. Inn á veginn tengjast margar heimreiðar og veldur það verulegri slyshættu. Þá hefur ítrekað verið bent á nauðsyn hjólastígs meðfram þessum vegi til að gera mögulegt að nota hagkvæmari farartæki en bifreiðar til atvinnusóknar o.fl. Fyrir liggur forhönnun á fjölnotavegi fyrir alla staðbundna umferð á þessu svæði, hvort sem er fyrir bifreiðar, landbúnaðarvélar, hjól eða hesta. *Lagt er til að árinu 2011 verði gert ráð fyrir 50 millj. kr. til að hefja framkvæmdir vegna fjölnotavegar í Kræklingahlíð og að á næstu árum þar á eftir verði gert ráð fyrir nægum fjármunun til að ljúka honum.*

#### **Blómsturvallavegur (nr. 817)**

Um Blómsturvallaveg (1,64 km) er vaxandi umferð vegna umfangsmikillar ferðaþjónustu sem við hann er. Þar eru í boði gisting í um 100 rúmum í sumarhúsum á svæðinu. Vegtenging þessarar ferðaþjónustunnar við Blómsturvallaveg er alls ekki viðunandi á meðan bundið slitlag vantar á veginn. *Lagt er til að árinu 2011 verði gert ráð fyrir 20 millj. kr. til að setja bundið slitlag á veginn.*

#### **Undirgöng við Pelamerkurskóla**

Undirgöng undir Hringveginum við Pelamerkurskóla fyrir umferð skólanemenda og almenna gangandi umferð er mikið öryggismál. Skógarreiturrinn fyrir ofan skólann hefur verið skilgreindur sem "opinn skógur", sem felur í sér að þar er fyrirhugað að byggja upp aðstöðu til áningar. Hagkvæmt er að nota bílastæði skólans fyrir áningarstaðinn, en undirgöng eru forsenda þess að það sé hægt. Þá hefur

Pelamerkurskóli skilgreint sig sem "útiskóli". Fyrir vikið er skógarreitirinn honum enn mikilvægari en ella og þar með undirgöngin á þessum stað. *Lagt er til að árinu 2012 verði gert ráð fyrir 30 millj. kr. til að ljúka framkvæmdinni.*

#### **Vegtengingar íbúðabyggðar og fyrirtækja á Lónsbakka**

Vegtengingar íbúðabyggðar og fyrirtækja á Lónsbakka standast ekki kröfur um umferðaröryggi. Gerð deiliskipulags fyrir svæðið, m.a. í samvinnu við Vegagerðina, stendur yfir og mun verða lokið í ársbyrjun 2011. Í því verður m.a. útfærsla á hvernig vegtengingunum verður komið fyrir. *Lagt er til að árinu 2011 verði gert ráð fyrir 5 millj. kr. til hönnunar og útbodsgagna fyrir verkið og að árinu 2012 verði gert ráð fyrir 30 millj. kr. til framkvæmdarinnar.*

#### **Hlíðarvegur (nr. 818)**

Hlíðarvegur (2,92 km) þarfnast varanlegra endurbótum á næstu árum til að vegurinn geti skammlaust gegnt hlutverki sínu. *Lagt er til að árinu 2012 verði gert ráð fyrir 10 millj. kr. til hönnunar og útbodsgagna vegna vegarins.*

#### **Undirgöng fyrir búfé**

Nauðsynlegt er að undirgöng fyrir búpening komi sem fyrst undir Hringveginn við Fagraskóg, Hvamm og Syðri-Bægisá. Við þessa bæi er mjög mikil umferð á sumrum og veruleg hætta skapast þegar mjólkurkúr og annar búpeningur þarf að fara yfir veginn, tvisvar á dag flesta daga sumarsins.

Loks er hér með komið á framfæri því sjónarmiði að fjárveitingar á samgönguáætlun til hjólastíga, reiðvega, girðinga meðfram vegum þurfa að stórukast frá því sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

#### **Hjólastígar**

Eins og að fram kemur í kaflanum um Hringveginn hér að ofan er brýnt að kostur sé á hagkvæmari ferðamáta en bifreiðar eru, til og frá dreifbýli og þéttbýli vegna atvinnu o.fl. Almenningsamgöngum er ekki til að dreifa í sveitarfélaginu og því er mikilvægt að byggja upp stígakerfi fyrir reiðhjól, létt bifhjól, rafskutlur o.þ.h., a.m.k. þar sem mest umferð er. Viða gæti slíkt kerfi að einhverju leyti nýst annarri notkun, t.d. sem reiðleiðir.

#### **Reiðvegir**

Umferð ríðandi manna eykst sífellt og ferðaþjónusta tengd reiðmennsku er að aukast. Viða er því orðinn tilfinnanlegur skortur á reiðvegum, sem brýnt er að bæta úr.

#### **Girðingar meðfram vegum**

Viða er sauðfé til trafala og tjóns á vegum og því mikilvægt að girða helstu vegi þar sem þeir eru það ekki þegar með hefðbundnum túngirðingum á býlum.

Sveitarstjórnin óskar eftir fundi sem fyrst með samgöngunefndinni til að fara yfir vegamál sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,



#### **Afrit:**

Þingmenn úr Norðausturkjördæmi

Birgir Guðmundsson, svæðisstjóri norðaustursvæðis Vegagerðarinnar